

Athugasemdir íbúaráðs Miðborgar og Hlíða dags. 1. febrúar 2024, vegna hverfisskipulags Háteigshverfis, Hlíðahverfis og Öskjuhlíðarhverfis

Íbúaráðið þakkar kærlega fyrir vel unna og vandaða vinnu. Hverfisskipulagið er mikil framför frá bútasæmi gildandi deiliskipulagsáætlana og er vel til þess fallið að auka festu, fyrirsjáanleika og heildaryfirbragð hverfanna. Jákvætt er að þétting byggðar verði víða á forsendum íbúanna sjálfa og að þeir njóti beins og áþreifanlegs ávinnings af henni. Þá er ánægjulegt að sjá áherslu á almannarýmið, svo sem Klambratún, Holtatorg og borgargötur. Að meginstefnu til fagnar íbúaráðið því skipulaginu þrátt fyrir eftirfarandi athugasemdir.

Við alla uppbyggingu í þegar grónum hverfum ber að huga sérstaklega að innviðum fyrir börn. Skólar á svæðinu eru víða nú þegar þétt setnir og því er þegar orðið brýnt úrlausnarefni að huga að framtíðarskipan leik- og grunnskóla í hverfunum. Huga mætti betur að þessu í hverfisskipulaginu.

Þrátt fyrir að jákvætt sé að sjá áherslu á borgargötur mættu þær, í fullkomnum heimi, vera fleiri og lengri. Sér í lagi mætti Langahlíð öll vera borgargata. Íbúaráðið áttar sig á að hönnun slíkra gatna kostar sitt en horfir til þess að hverfisskipulagið á væntanlega að standa að meginstefnu til óhaggað um nokkurn tíma. Þá mæla skipulagsáætlanir fyrir um heimildir til framkvæmda til framtíðar, en ekki skyldu. Því mætti að mati ráðsins bæta í hvað þetta varðar.

Umferðarhraði í hverfunum hefur víða verið of hár. Bæði er hámarkshraði víða nokkuð hár og umferð reglulega mun hærri en hámarkshraði gerir ráð fyrir. Samræma mætti hraða í hverfunum í 30 km/klst., sér í lagi en ekki eingöngu í Litluhlíð, Lönguhlíð, Valshlíð og Nóatúni. Þá þarf að leggja áherslu á að minnka hraða við skóla í hverfinu.

Þá mætti fjölga einstefnugötum í Hlíðum sunnan Miklubrautar. Þær einstefnugötur sem nú þegar eru þar hafa gefið góða raun og mætti gera Hamrahlíð, Stigahlíð og Grænuhlíð að slíkum götum, með það að markmiði að draga úr umferðarpunga og gegnumakstri og auka öryggi á svæðinu.

Bæta þarf tengingar fyrir virka ferðamáta við stórar umferðargötur sem skera hverfin í sundur, svo sem Miklubraut og Kringlumýrabraut, sem er á hverfamörkum.

Íbúaráðinu hafa borist athugasemdir frá íbúa í Norðurmýri sunnan Flókagötu sem mótmælir að Gunnarsbraut verði opnuð fyrir bílaumferð Miklubrautar megin. Hverfið, sem sé nú þegar umlukið af Snorrabraut, Miklubraut, Flókagötu og Rauðarárstíg megi ekki við meiri umferð. Frekar ætti að stefna að því að minnka umferð en auka hana. Íbúaráðið tekur undir framangreindar athugasemdir.

F.h. íbúaráðs Miðborgar og Hlíða
Pétur Marteinn Urbancic Tómasson,
formaður

